



ORKUSTOFNUN
JARDHITADEILD

Athuganir vandaður Neyziuvatn
fyrir Stöðvarfjörð

Jón Jónasson

sept. 1972.

16.9.1972

ATHUGANIR VARÐANDI NEYZLU-
VATN FYRIR STÖÐVARFJÖRD.

JJ/ps

Ofan við þorpið í Stöðvarfirði eru geysimiklar urðir, sem ná alveg upp að hörrum í fjallinu fyrir ofan.

Aðallega virðist þarna vera um mikla skriðu að ræða, og sýnist líklegast að hún hafi myndast í lok þess tíma er jökull lá í dalnum. Sennilega er þessi skriða a.m.k. sums staðar nokkrir tugir metra á þykkt.

Gera verður ráð fyrir að efnið í henni sé yfirleitt gróft, en þó er auðsýnilegt að all mikið er þar og um fint efni.

Lindir, flestar smáar koma út viðs vegar við rönd skriðunnar og eins hér og þar inni í lautum og bollum í skriðunni sjálfri. Sömuleiðis eru mýrasund og mýrarblettir þar viðs vegar.

Inntakið í núverandi vatnsból er einmitt í og við súkan mýrарblett, en það er mjög óheppilegt sökum þess að á slikum stöðum verður vatnið að heita má æfinlega járnmeðað og af þeim sökum óheppilegt eða ónothæft til neyzlu. Þar sem svona hagar til er áriðandi að varast að hafa inntak vatnsveitu þannig að vatn úr mýri geti runnið inn í það.

Ofan við skriðuna uppi við hamra eru "botnar" tveir. Kemur þar fram allmikið vatn og er það laust við járnmeðnun það séð verður. Sýnist þarna vera álitlegir staðir fyrir vatnsból. Ræð ég til að þetta verði sannprófað með því að grafa brunna. Brunnuninn ætti að vera alveg við skriðuna ofan við mýrina. Áriðandi er að grafa eins djúpt og framast er mögulegt helst alveg niður á fast berg. Þegar búið er að grafa þarf að dæla úr brunninum og mæla afköstin. Talið er að 1 l/sek nægji mjög vel

handa 100 manns og má hafa hliðsjón af því. Æskilegt er að fylgjast vel með rennsli úr brunninum yfir vetrarmánuðina.

Eg legg til að reynt verði fyrst í neðri botninum og reynist hann gefa nóg þá ætti að taka hinn efri frá til nýtingar í framtíðinni þegar vatnsþörf eykst.

Reynist þetta vatnsból gefa nóg þarf að ganga vel frá því, loka því alveg, þannig að inntak verði neðanjarðar og í myrkri til þess að forðast þörungagróður. Girða ætti svæðið kringum brunnana ei skemur frá brunni en 30-50 m.

Reynist vatn of lítið í neðri botninum ætti að reyna við þann efri og þá annað hvort fá viðbót þaðan eða virkja aðeins þar. A þessum stöðum báðum virðast mjög miklir möguleikar á að fá megi gott neyzluvatn, sem nægt getur Stöðvarfirði langt fram í tímann.

Jón Jónasson